

Orkustofnun
Kristján Geirsson
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 26. febrúar 2024
Málsnúmer: 202402-0004
IAS

Efni: Umsókn um rannsóknarleyfi í landi Kaldárhöfða

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 2. febrúar 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Grímsnes-og Grafningsshrepps um rannsóknarleyfi í landi Kaldárhöfða í Grímsnesi.

Sótt er um rannsóknarleyfi á tilgreindu svæði við útfall Þingvallavatns í landi Kaldárhöfða í Grímsnes- og Grafningsshreppi, með það að markmiði að finna og staðsetja líklegan grunnvatnsstraum sem fæðir mjög vatnsmiklar lindir í farvegi Sogsins og kanna hugsanlega virkjun straumsins til neysluvatnsöflunar, auk þess að mæla rennsli lunda í Kaldá og meta hvort þær séu líklegur kostur til neysluvatnsöflunar.

Ef rannsóknir og borun grunnra rannsóknarhola leiða í ljós að unnt sé að komast í tæri við öflugan grunnvatnsstraum undir yfirborði hraunsins á tilgreindu svæði er unnt að afla mikils vatns með öflugum borholudælum í grunnnum en víðum holum. Gera má ráð fyrir að 14" (355 mm) víð hola geti gefið um 50–100 L/s. Safnæð myndi leiða vatnið til frekari dreifingar í sveitunum í kring. Ef unnt reynist að virkja grunnvatnsstraum undan hrauninu má segja að kominn sé grundvöllur fyrir vatnsveitu sem mun geta séð nær öllum íbúum sveitarfélaga á Suðurlandi fyrir hreinu og ómenguðu neysluvatni um fyrirsjáanlega framtíð.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögnin og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Tilgreint rannsóknarsvæði er innan verndarsvæðis Þingvallavatns (lög nr. 85/2005), sjá einnig reglugerð nr. 650/2006, og það er á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013). Hraunið er Þingvallahraun sem rann skömmu eftir ísaldarlok fyrir um 10.200 árum. Það er slétt helluhraun þar sem rannsóknarholurnar eru fyrirhugaðar, samkvæmt vistgerðakorti eru þar lynghraunavist og mosahraunavist, og meðfram svæðinu liggur vegslóði norðan við Vestra-Höfða og þar er einnig reiðleið.

Mikil auðlind felst í því mikla ferskvatni sem kemur úr lindum í Þingvallavatn og Sogið og austan við Þingvallavatn eru mögulega framtíðarvatnsból fyrir Suðurland og hugsanlega einnig fyrir höfðuðborgarsvæðið. Það er því mikilvægt að grunnvatnsstraumurinn verði rannsakaður.

Ljóst er að ekki er alveg hægt að koma í veg fyrir rask vegna fyrirhugaðra rannsókna en mikilvægt er að halda því í lágmarki og passa vel upp á að ekki leki niður olía eða önnur mengandi efni meðan á framkvæmdum stendur, en skv. 6. gr. reglugerðar um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns (650/2006) er óheimilt „að veita lyfi vegna framkvæmda á verndarsvæðinu þ.m.t. jarðrask, byggingu mannvirkja, borun eftir vatni, nám



jarðefna, vinnslu auðlinda úr jörðu eða ræktunarframkvæmdir þar sem hættu er á að slíkt geti mengað, spillt vatnsgæðum eða breytt vatnshæð.“

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink that reads "Ingvar Atli Sigurðsson". The signature is written in a cursive, flowing style with a long horizontal flourish at the end.

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

